

Sjókvíaeldi laxfiska – Vinnubrögð stjórnmalamanna og stjórnsýslunnar

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Undirritaður mun sýna fram á í nokkrum greinum að framin hafa verið alvarleg stjórnsýslubrot þar sem stærstu laxeldisfyrirtæki Íslands höfðu mikla aðkomu að breytingu nýgerðra fiskeldislaga.

Síðastliðið voru öllum alþingismönnum sent bréf þar sem m.a. var vakin athygli á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Starfshópurinn skilaði skýrslu 23. ágúst 2017. Þær breytingar sem Alþingi samþykkti síðastliðið voru að gera á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi byggðust að mestu leyti á skýrslu starfshópsins. Undirritaður gerði alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð fyrrnefnds starfshóps og vakti athygli á því að þau kynnu í ákv. tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ferlið fram að þessu

Það hafa verið reyndar ýmsar leiðir til að ná framgangi í málið:

1. Hinn 29. mars 2019 voru sendar



Valdimar Ingi Gunnarsson

athugasemdir til Alþingi Íslands vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.

2. Hinn 20. maí 2019 var sendur tölvupóstur til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og óskað eftir opinberri úttekt vegna þeirra alvarlegu annmarka á vinnubrögðum starfshóps um stefnumótun í fiskeldi. Allir alþingismenn fengu afrit af póstinum. Beiðni um opinbera úttekt hefur síðan verið ítrekuð nokkrum sinnum við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd án árangurs.

3. Hinn 28. maí 2019 var send beiðni til Umboðsmanns Alþingis og óskað eftir opinberri úttekt.

4. Hinn 11. júní 2019 var send fréttatilkynning til fjölmiðla og þar sem þeir voru hvattir til að kynna sér málið vel og jafnframt að viðhafa faglega og góða rannsóknarblaðamennsku við umfjöllun sína um þetta mál.

5. Hinn 17. október 2019 var byrjað að auglýsa í fjölmiðlum og kallað eftir viðbrögðum frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

» Framin hafa verið alvarleg stjórnsýslubrot þar sem stærstu laxeldisfyrirtæki Íslands höfðu mikla aðkomu að breytingu nýgerðra fiskeldislaga.

6. Hinn 10. desember 2019 var send ítrekun til Umboðsmanns Alþingis um opinbera úttekt og jafnframt bent á vafasöm vinnubrögð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Hver tekur út vinnubrögð nefnda Alþingis?

Sendir hafa verið fjölmargir tölvupóstar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og jafnframt auglýst eftir viðbrögðum í fjölmiðlum án þess að þeim hafi verið svarað sem er ámælisvert og hvorki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga né vandaða stjórnsýsluhætti. Umboðsmanni Alþingis var bent á vinnubrögð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og í svari hans kemur fram að embættið hafi ekki heimild til að taka störf nefndarinnar til athugunar og lagði til að leitað væri til Alþingis með athugasemdirnar. Samskipti við Al-

þingi hafa fram að þessu ekki skilað miklum árangri og eru ekki miklar væntingar um að breyting verði á því.

Það á að reyna að þegja málið í hel

Umboðsmaður Alþingis hefur sýnt þá kurteisi að svara en það sama er ekki hægt að segja um stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Viðbrögð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vekja eiginlega meiri undrun en málið sjálft og vakna spurningar um hvaða vinnu- og síðarreglum nefndin vinnur eftir. Snemma var ákveðið í minni vinnu að fara hefðbundnar leiðir til að koma mínum athugasemdum á framfæri. Allir eiga að hafa sömu möguleika á að koma sínum athugasemdum á framfæri óháð bakgrunni eða tengslum í gegnum formlega ferla. Of mikil tengsl skapa of mikla nánd og geta stuðlað að óheppilegu hagsmunapotí og spillingu.

Óheppilegt ferli

Það var svo sem búið að vara höfund við því að lítil eða engin viðbrögð fengjust, m.a. af stjórnmálafræðingum. Það var þó ákveðið að láta á málið reyna. Í umræðunni var bent á að það eina sem dýgði væri að stiga fram og fá kröftuga umfjöllun um

málið í fjölmiðlum. Það var þó ákveðið að reyna að halda sig við málefnalega umræðu án æsifrættamennsku. Þar sem fjölmiðlar hafa ekki viljað taka að sér rannsóknarblaðamennsku um þetta mál hefur höfundur ákveðið að taka það hlutverk að sér. Skrifna greinar í fjölmiðla til að upplýsa almenning, stjórnsýsluna og vonandi einhverja stjórnmálamenn. Þessi greinaskrif geta því miður haft neikvæð skammtímaáhrif á íslenskt fiskeldi en það er mín skoðun að ýmislegt þurfi að segja sem mun hafa jákvæð áhrif á greinina til lengri tíma lítið.

Greinaskrif

Fyrst í stað verður áhersla á að taka fyrir vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð til að tryggja ákveðnum aðilum fjárhagslegan ávinning. Á seinni stigum verður m.a. fjallað um umhverfismál sem tengjast breytingum á fiskeldislögum. Staðreyndin er sú að með breytingum á lögum á fiskeldi stöndum við að baki nágrannalöndum í umhverfismálum þó að öðru sé haldið fram af sumum stjórnmálamönnum.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.
valdimar@sjavarutvegur.is